

136 Reynivallaprestakalls til þess að byggja á prestssetrinu tvíloftað íbúðarhús úr 7. sept. timri, 12 ál. langt og 10¹/₂ al. breitt, með kjallara undir því öllu, járnþakið og járnvarið allt á hliðum og göflum, með pappa allt um kring undir járninu og með því fyrirkomulagi að öðru leyti, sem lýst er í fyrnefndu brjefi stiptyfirvaldanna. Ennfremur er lántökuleyfi þetta þeim skilyrðum bundið, að eigi verði útborgaður meir en helmingur lánsins, fyr en sannað er með reglulegri skoðun-argjörð þar til útnefndra manna, að húsið sje fullgjört og í áskildu standi, að lánið verði ávaxtað og endurborgað af tekjum prestakallsins á 28 árum frá lántökudegi að telja með 100 kr. árlega auk vaxta, að húsið með eldavjel og ofni verði eign prestakallsins, enda mega þá niðurfalla eptirnefnd bæjarhús: baðstofa, göng, bæjardyr, búr, eldhús, skemma og skálahús, að sannað sje á fulltryggjandi hátt að húsið sje traust og vel vandað, að húsinu sje undir eptirliti prófasts haldið í eldsvöðaabyrgð fyrir 3600 krónum að minnsta kosti og að presturinn eða dánarbú hans skili húsinu við burtför hans eða fráfall í gildu standi eða með fullu álagi.

Þetta er stiptyfirvöldunum hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að því viðbættu, að hið umgetna lán mun geta fengið úr landssjóði.

137 Brjef landshöfðingja til stiptyfirvaldanna yfir Íslandi um lántökuleyfi handa 8. sept. prestakalli. — Samkvæmt tillögu hinna heiðruðu stiptyfirvalda í þóknanlegu brjefi, dagsettu 24. f. m., vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess, að presturinn að Prestsbakka í Strandaprófastsdæmi, prófastur síra Páll Ólafsson, taki alltað 1500 króna embættislán gegn tryggingu í tekjum prestakallsins, sumpart til þess að standast kostnað af byggingu þeirri, er presturinn hefir látið reisa á prestssetrinu, sem er 18 álna langt hús og 6 álna breitt, portbyggt með 2 alþiljudum gestaherbergjum, geymsluhúsi niðri, 8×6 al., og geymsluherberjum undir risi, 6 ál. löngum, sínu í hvorum enda og með torfvegg vestan og norðan, — og sumpart til þess að fullgjöra nefnd hús með því að seta á það járnþak og járnklæða austurvegginn. Þó er þetta lántökuleyfi þeim skilyrðum bundið að lánið verði endurborgað af tekjum prestakallsins á 15 árum samfleytt, að telja frá því lánið er tekið, með ¹/₁₅ hluta lánsins á ári, auk vaxta, að aðgjörðin á húsinu verði vel og forsvaranlega af hendi leyst og því fylgi nauðsynlegir ofnar, að húsinu sje haldið váttryggt fyrir minnst 2000 króna, að húsið verði eign prestakallsins, enda mega þá niðurfalla skáli og dyraport, er áður hafa fylgt prestakallinu, og að prófasturinn eða dánarbú hans skili húsinu við burtför eða fráfall hans í góðu og gildu standi, eða með fullu álangi.

Þetta er stiptyfirvöldunum hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.